

Fundargerð stjórnar Fimleikasambands Íslands

11. fundur haldinn í fundarsal A ÍSÍ 15. 2. 2016 kl. 20:00

Fundinn sátu: Arnar Ólafsson formaður, Kristinn Arason varaformaður, Hrefna Hlín Sveinbjörnsdóttir, Bergþóra Kristín formaður tækninefndar í hóp fimleikum, Berglind Pétursdóttir formaður tækninefndar kvenna, Hlín Bjarnadóttir formaður fræðslunefndar, Sigurður Hrafn Pétursson formaður tækninefndar karla, Sólveig Jónsdóttir framkvæmdastjóri og Sæunn Viggósdóttir fjármálastjóri.

Forföll boðaði: Íris Svavarsdóttir, Kristín Ívarsdóttir og Sunna Sigurðardóttir

Fundargerð ritaði: Sæunn Viggósdóttir

1. Erindi frá Gróttu og Fjölni vegna bikarmóts í áhaldafimleikum

Umsókn frá Gróttu og Fjölni um að keppa með sameiginlegt lið í keppni á bikarmóti í 2. Og 3. þrepi. Einnig sóttu félögin um undanþágu um að keppa í eins búningum á mótinu.

Umsókn um að keppa með sameiginlegt lið var samþykkt.

Stjórn vísar ósk um að vera í ólíkum búningum til TKV. Með von um úrlausn sem fyrst.

2. Erindi frá yfirþjálfara Ármanns vegna keppni í 1. þrepi kk

Erindi um keppni landsliðsmanns á þrepamóti og ósk um endurskoðun á reglum

Stjórn og TK telur að reglurnar séu skýrar og að ekki þurfi að endurskoða þær fyrir næsta mót. Mikilvægt að þetta verði tekið til athugunar fyrir næsta keppnistímabil og við endurskoðun kröfu móta.

3. Erindi frá TK vegna fimleikastigans

TK óskar eftir því að stjórn FSÍ taki afstöðu til þess hvort eigi að halda áfram með íslenska fimleikastigann eða Age Group Development and Competition Program for Man Artistic's gymnastics

TK vill að gengið verði í að skipuleggja áframhaldandi þróun á íslenska fimleikastigann eða þá skoði að taka upp „fimleikastiga“ FIG.

Stjórn óskar eftir að TK taki afstöðu um faglegan hluta framhaldsins. Stjórn FSÍ setur í verkefnið í fjárhagsáætlun.

4. Erindi frá THF vegna framkvæmdar á strákaverkefni

THF leggur fram áætlun um verkefni til þess að laða að fleiri stráka í hóp fimleika

Stjórn FSÍ samþykkir erindið.

5. Mótaskrá landsliða FSÍ

Fjárhagsáætlun lögð fyrir v/danska meistaramótið, Berlin cup og World Cup. Stjórn samþykkir þetta með fyrirvara um að ýtrustu varfærni verði gætt í kostnaði af hálfu þjálfara.

Erindið var samþykkt.

6. Breyting á reglugerðum

Stjórn samþykkti á milli funda breytingar á reglugerðum sem verða nú teknar í gildi.

Önnur mál

Hlín kynnir þjálfaramenntunarkerfi, með námskeið sem þjálfarar þurfa að klára til að getað þjálfað vissum þrepum, sem er búið að setja upp og vill kynna fyrir öllum tækninefndum til að fá umræðu og komment á hana til nánari útfærslu. Óska þau eftir leyfi til að senda út bréf varðandi þessi málefni sem er samþykkt.

Fundi slitið klukkan 21:00

12. fundur stjórnar verður haldinn mánudaginn 29. febrúar kl. 20:00